



## Fundargerð

16. fundar stjórnar FRÍ þriðjudaginn 17. mars 2015 kl. 19:00  
Í fundarsal A á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ í Laugardal

---

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Jón H. Steingrímsson, Jónas Egilsson, Gunnlaugur Júlíusson, Fríða Rún Þórðardóttir, Stefán Skafti Steinólfsson og Lóa B. Hallsdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar, afgreiðsla fundargerða síðustu funda: Fundur rétt boðaður. Farið var stuttlega yfir fundargerðir. Ritara falið að senda ósamþykktar fundargerðir á stjórnarmenn í tölvupósti til athugasemda og samþykktar. Þær verði settar á heimasíðu svo fljótt sem unnt er.
2. Fjármál FRÍ
  - 2.1. Staðan almennt. Framkvæmdastjóri skýrir frá stöðu á yfirdrætti og fjáröflunum v/EM í Prag. Ekki er lokið uppgjöri vegna RIG. Umræður um fjárhagsstöðu FRÍ.
  - 2.2. Samningar: Gengið hefur verið frá samningi við Ícelandair á sömu nótum og verið hefur án skuldbindinga. Framkvæmdastjóri skýrir frá viðræðum við Valitor, með aðkomu ÍSÍ. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að taka saman samningsmarkmið.
  - 2.3. Búningamálin – staða og aðgerðir: Framkvæmdastjóri óskar eftir aðstoð við búningamál. Stjórn sammála um að setja skýrar reglur um búninga FRÍ. Lóa B og Fríða Rún falið að aðstoða framkvæmdastjóra.
3. Niðurstöður vorfundar FRÍ - staða málaflokka til umræðu
  - 3.1. Afreksstefna FRÍ - Landsliðsverkefni – samráð-og samstarfshópar þjálfara o.fl: Formaður fer yfir umræðu frá vorfundi og málefni sem þar voru tekin fyrir, hvað skal vinna áfram og hvernig samstarfi/samvinnu félaga verði háttað. Umræður um landsliðsnefnd (PDF Skjal lagt fram). Stjórn samþykkir áætlun og fyrirkomulag vegna ólympíu/stórmótahóps að Þráinn Hafsteinsson, Gísli Sigurðsson og Gunnar Páll Jóakimsson verði í forsvari fyrir hópinn.
  - 3.2. Frjálsíþróttir á Laugardalsvelli : Stjórn samþykkir að sínu leyti ályktun vorfundar FRÍ þann 27. febrúar er lýtur að Laugardalsvelli. Formanni falið að semja og senda erindi til borgarstjórnar og falast eftir fundi.
4. Mót á vegum FRÍ
  - 4.1. Smáþjóðaleikar. Undirbúningur að framkvæmd mótsins og tilnefning þjálfararáðs Smáþjóðaleikanna. Óskað er eftir tilnefningum frá Yfirþjálfarahópi FRÍ í þjálfararáðið. EV falið að vinna í málinu áfram.
  - 4.2. Undirbúningur annarra móta, þ.m.t., forskráningar, fjöldi, Evrópubíkar, EM 22 ára og y., EM 19 ára o. y. HM 17 ára og y., HM 17 ára og y., EYOF, NM 19 ára og y.,



o.fl: Framkvæmdastjóri skýrir frá undirbúningi móta. Áætlun gerir ráð fyrir því að 4 íþróttamenn fari á mótið . Umræður í stjórn um fjármögnun móta sumarsins.

Stjórnin samþykkir eftirfarandi bókun:

*Að nauðsynlegt sé fyrir FRÍ, félög og íþróttamenn að beita sér fyrir fjáröflun vegna allra móta ársins 2015. Staða FRÍ sé þröng.*

5. Þing og fundir

- 5.1. Þing EAA 11. apríl nk : Stjórn samþykkir að Einar Vilhjálmsson formaður FRÍ fari á þingið.
- 5.2. Íþróttaping, 17. og 18. apríl nk. Þingfulltrúar, málefni, framboð: Stjórn samþykkir að óska eftir áhugasömum fulltrúum á íþróttapingið. Framkvæmdastjóra falið að fylgja því eftir.
- 5.3. Nordic Congress Prag 4. mars sl: Framkvæmdastjóri skýrir frá ráðstefnunni.

6. Innsend mál.

- 6.1. Erindi frá Sport Tívi: Lagt fram til kynningar.

7. Landsliðsmálefni, Stórmótahópur/Ólympíuhópur : Sjá lið nr 3-1. (og fylgiskjal)

8. Úrvalshópur og unglinganefnd : Umræður um afrekstöflu og árangursviðmið. Framkvæmdastjóra falið að taka saman upplýsingar til unglinganefndar (Lóu B. ).

9. Næsti fundur: áætlaður fimmtudag 9. apríl.

10. Kostun keppnisferða hjá öllum hópum : Sjá bókun í lið nr 4-2.

11. Önnur mál : Fríða Rún spyr um styrkumsókn vegna Einars Daða Lárussonar til afrekssjóðs ÍSÍ , og um búninga fyrir EM öldunga. Framkvæmdastjóri skýrir frá því að sjóðurinn hafnaði umsókninni. FRÍ mun leggja til búninga vegna EM öldunga.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 21:25.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.